

**Nd.**

## **11. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Flm.: Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson.

### 1. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Verja skal árlega álika miklu fé til vitamála og vitagjald hefir numið næsta ár á undan, meðan stendur á því að koma upp vitum þeim, sem um ræðir í 9. gr.

Útgjöld til vitamála eru þau, sem hér segir:

1. Kostnaður við stjórn vitamála og rekstrarkostnaður vita og sjómerkja.
2. Viðhaldskostnaður vita og sjómerkja og kostnaður við nauðsynlegar endurbætur á þeim.
3. Kostnaður við að reisa nýja vita og koma upp nýjum sjómerkjum.

Nú verður vitagjaldinu eitthvert ár ekki öllu varið til þeirra þarfa, sem það er ætlað til samkvæmt þessari grein, og skal þá ónotaður afgangur gjaldsins lagður í sérstakan sjóð, sem notaður verði síðar til þess að reisa nýja vita, samkvæmt ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum vitamálastjóra.

### 2. gr.

Lög þessi koma ekki til framkvæmda meðan styrjöld sú, sem hafin er í Norðurálfu, stendur yfir.

### Greinargerð.

Á undanfórnum þingum hafa oft heyrzt raddir um það, að réttmætt sé og sjálfsagt, að vitagjaldinu sé öllu varið í þágu vitamálanna. Stóð um það mál nokkur styr á Alþingi 1927 í sambandi við tillögu, er sjávarútvegsnefnd neðri deildar flutti þá um 75 þús. kr. framlag úr rikissjóði til að reisa þrjá radiovita. Hafa og komið fram tillögur og frumvörp á Alþingi, er stefna að þessu, og nú síðast frá 6. þm. Reykv., Sigurði Kristjánssyni. Til þessa hafa þó engin lagaákvæði verið um þetta sett. Þykir því rétt að freista þess að fá þessi ákvæði lögfest nú á þessu þingi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mikið skortir á, að vitakerfi landsins sé komið í það horf, að viðunandi sé. Nægir því til sönnunar að skýra frá því, að enn eru óbyggðir 55 af þeim vitum, er vitalögin gera ráð fyrir, en þar eru aðeins taldir þeir vitar, sem allir viðurkenna, að séu bráðnauðsynlegir. Flestir þessara vita verða alldýrir, og sumir kosta þeir svo skiptir hundruðum þúsunda króna. Það er því bært, að ef þess á að vera nokkur von, að ekki dragist langt úr hófi fram að reisa þessa vita, verður að tryggja betur en gert hefir verið, að ríkið geri skyldu sína í þessum efnum.

Skýrsla sú, sem prentuð er hér á eftir, sýnir annarsvegar tekjur rikissjóðs af vitagjaldinu, en hinsvegar útgjöldin við byggingu og rekstur vitanna. Hún ber með sér, að frá því vitagjaldið var á lagt 1878 og til ársloka 1939 hefir vitagjaldið numið 1225377.51 krónum umfram útgjöldin til vitanna. Er þetta auðvitað ekki sæmandi, en þó verður framkoma Alþingis í garð farmanna einn síður lofsverð, ef þessir reikningar eru gerðir upp fyrir síðustu 12 árin, en frá árinu 1928, að því meðtöldu, sýnast verða stefnuhvörf í þessum efnum. Fram til ársloka 1927 hafði alls verið varið til vitamála frá því vitagjaldið var á lagt kr. 413330.31 umfram vitagjaldið. En á árunum 1928—1939, að báðum meðtöldum, nemur vitagjaldið kr. 1637707.82 umfram útgjöld til vitamálanna, eða að meðaltali rúmlega 135 þús. kr. á ári.

Á Alþingi er aldrei svo á sjómannastéttina minnzt, að eigi séu allir á einu máli um það, að hún sé alls góðs makleg. Að Alþingi samt sem áður unir því, að vitagjaldið sé gert að eyðslueyri í stað þess að ganga til vitamálanna, hlýtur að stafa

af því, að þingmenn hafa ekki gert sér ljóst, að mörgum þeirra 70 mannslífa, er árlega hafa farið í sjóinn síðustu 50 árin, hefði sæmilegt vitakerfi forðað frá drukknun.

Á undanfórnum áratugum hefir ríkið árlega lagt fram milljónir króna til verklegra framkvæmda, og hafa menn miklært af. Er þó vist, að betur væri viðunandi, að sumt af þeim framkvæmdum hefði niður fallið, heldur en að þjóð eins og Íslendingar, sem lífa á sjónum og af sjónum, þ. e. a. s. sjávarútvegi, skuli hafa gert sér vitana að tekjulind, meðan vitakerfi landsins er jafnábótavant og raun ber vitni um. Er þess að vænta, að Alþingi láti eigi lengur dragast að ráða bót á þessu.

Sýnt þykir, að vitagjaldið muni lækka mikið frá því, sem verið hefir, meðan Norðurálfu-styrjöldin stendur. Hefir því eigi verið talið æskilegt, að ákvæði frv. komi til framkvæmda fyrr en að ófriðnum loknum, en hinsvegar rétt að lögfesta þau einmitt nú, bæði vegna þess, að vel má vera, að ófriðnum ljúki áður en næsta Alþingi kemur saman, og þó einkum vegna hins, að nú, þegar þess er krafizt, að vegna þróngs fjárhags ríkissjóðs og gjaldeyrisskorts verði lækkuð framlög til vitanna, er sjálfsgagt að fara fram á, að samtímis verði þá viðurkennd skylda ríkisins til hæfilegra fram- laga til vitamálanna þegar úr rætist.

#### Vitakostnaður og vitagjöld.

	Rekstrar- kostnaður	Stofn- kostnaður	Kostnaður samtals á árinu	Vitagjald samtals á árinu	Kostnaður samtals	Vitagjald samtals
1878	1573.61	19389.52	20963.13	43.20	20963.13	43.20
1879	1685.84	2977.16	4663.00	6207.75	25626.13	6250.95
1880	2197.41	„	2197.41	4025.03	27823.54	10275.98
1881	2404.63	250.00	2654.63	4663.32	30478.17	14939.30
1882	2508.95	„	2508.95	6012.17	32987.12	20951.47
1883	2879.90	„	2879.90	7146.11	35867.02	28097.58
1884	2584.45	794.74	3379.19	4496.86	39246.21	32594.44
1885	3110.97	„	3110.97	4802.12	42357.18	37396.56
1886	2763.12	404.18	3167.30	6093.79	45524.48	43490.35
1887	2682.19	„	2682.19	5847.65	48206.67	49338.00
1888	3273.06	„	3273.06	7075.99	51479.73	56413.99
1889	3415.30	„	3415.30	6511.57	54895.03	62925.56
1890	3587.98	„	3587.98	6635.45	58483.01	69561.01
1891	3354.90	„	3354.90	5604.02	61837.91	75165.03
1892	2941.41	3447.03	6388.44	6596.40	68226.35	81761.43
1893	3154.72	„	3154.72	8077.30	71381.07	89838.73
1894	2967.52	„	2967.52	8915.25	74348.59	98753.98
1895	2967.39	450.00	3417.39	8624.25	77765.98	107378.23
1896	3716.68	713.98	4430.66	8881.15	82196.64	116259.38
1897	3693.43	18045.83	21739.26	9584.85	103935.90	125844.23
1898	5233.86	1500.00	6733.86	7433.12	110669.76	133277.35
1899	4323.60	2845.30	7168.90	8568.90	117838.66	141846.25
1900	4592.24	1906.24	6498.48	8693.10	124337.14	150539.35
1901	5071.34	4709.24	9780.58	9246.33	134117.72	159785.68
1902	5842.85	8600.69	14443.54	11659.70	148561.26	171445.38
1903	5854.81	3378.90	9233.71	11002.00	157794.97	182447.38
1904	6891.87	6561.98	13453.85	11643.35	171248.82	194090.73
1905	6619.92	504.20	7124.12	13327.50	178372.94	207418.23
1906	7039.72	7561.79	14601.51	15750.45	192974.45	223168.68
1907	8355.78	87641.23	95997.01	18722.50	288971.46	241891.18
1908	9482.83	35003.55	44486.38	19113.00	333457.84	261004.18
1909	12614.63	25456.06	38070.69	31741.30	371528.53	292745.48
1910	12693.02	29643.63	42336.65	36849.10	413865.18	329594.58

		Rekstrar- kostnaður	Stofn- kostnaður	Kostnaður samtals á árinu	Vitagjald samtals á árinu	Kostnaður samtals	Vitagjald samtals
1911	....	13466.01	21598.88	35064.89	35508.15	448930.07	365102.73
1912	....	15697.60	14647.96	30345.56	56333.63	479275.63	421436.36
1913	....	14892.10	48093.57	62985.67	60066.16	542261.30	481502.52
1914	....	22387.92	25097.37	47485.29	62256.10	589746.59	543758.62
1915	....	26367.98	18087.51	44455.49	48082.80	634202.08	591841.42
1916	....	36186.66	58771.35	94958.01	43972.99	729160.09	635814.41
1917	....	52811.97	67238.38	120050.35	23157.37	849210.44	658971.78
1918	....	64964.86	79090.89	144055.75	32176.36	993266.19	691148.14
1919	....	87816.83	45400.46	133217.29	61092.42	1126483.48	752240.56
1920	....	140770.57	243207.61	383978.18	168595.04	1510461.66	920835.60
1921	....	137869.17	140119.37	277988.54	164428.20	1788450.20	1085263.80
1922	....	124961.58	142678.87	267640.45	203499.40	2056090.65	1288763.20
1923	....	134538.90	122792.58	257331.48	196547.20	2313422.13	1485310.40
1924	....	129773.86	37446.13	167219.99	321759.55	2480642.12	1807069.95
1925	....	140159.17	29740.00	169899.17	392470.81	2650541.29	2199540.76
1926	....	164120.90	165999.32	330120.22	330121.59	2980661.51	2529662.35
1927	....	157266.16	179967.29	337233.45	374902.30	3317894.96	2904564.65
1928	....	152207.97	94189.37	246397.34	449340.18	3564292.30	3353904.83
1929	....	180454.51	146074.93	326529.44	473098.63	3890821.74	3828003.46
1930	....	257194.45	228322.73	485517.18	497929.88	4276338.92	4325933.34
1931	....	238602.68	124614.68	363217.36	483888.50	4739556.28	4809821.84
1932	....	222551.02	26687.76	249238.78	478513.45	4988795.06	5288335.29
1933	....	228751.80	63234.90	291986.70	484797.72	5280781.76	5773133.01
1934	....	267755.26	117800.68	385555.94	456229.02	5666337.70	6229362.03
1935	....	302427.79	26997.97	329425.76	443047.68	5995763.46	6672409.71
1936	....	255962.84	67361.52	323324.36	434748.97	6319087.82	7107158.68
1937	....	260962.63	73284.12	334246.75	420251.63	6653334.57	7527410.31
1938	....	261560.84	61908.95	323469.79	468671.56	6976804.36	7996081.87
1939	áætl.	160000.00	106900.00	266900.00	473000.00	7243704.36	8469081.87